

**FRÆÐSLUNEFNDARFUNDUR
HALDINN 14.03.2018 Á HÉRAÐSBÓKASAFNINU Á
KIRKJUBÆJARKLAUSTRI
Fundur nr. 154**

Mættir eftirtaldir nefndarmenn:

Auðbjörg B. Bjarnadóttir (D), Þorsteinn M. Kristinsson (D), Arndís Jóhanna Harðardóttir (Z), Ragnheiður Hlín Símonardóttir (Ó) og Sverrir Gíslason (Ó).

Þorsteinn ritar fundargerð.

Formaður setur fund og býður alla velkomna.

Kl. 14:00 Kirkjubæjarskóli á Síðu.

Mættir auk nefndarmanna: Kjartan H. Kjartansson, skólastjóri, og Linda Agnarsdóttir, fulltrúi kennara Kirkjubæjarskóla.

1. Læsisstofna.

Á vordögum ársins 2015 var ákveðið að skólar settu sér læsisstofnu. Skólastjóri segir frá drögum að læsisstofnu fyrir grunnskólann og umræður um hana. Nú þegar er byrjað að vinna eftir þessari stofnu. Stefnt að því að samþykkja læsisstofnuna á næsta fræðslunefndarfundi.

2. Skólareglur.

Skólastjóri fer yfir skólareglur í Kirkjubæjarskóla. Framundan er endurskoðun skólareglanna.

3. Reglur sem snúa að samskiptum skóla og heimilis.

Skólastjóri fer almennt yfir samskipti heimila og skólans, þá sérstaklega á samfélagsmiðlum. Kostir og gallar ræddir vítt og breitt. Reglurnar eru í vinnslu.

4. Móttökuáætlun vegna erlendra nema.

Fræðslunefnd fer þess á leit við skólastjóra að hefja vinnu við móttökuáætlunina.

5. Starfsáætlun.

Afgreiðslu frestað.

6. Skólanámskrá.

Afgreiðslu frestað.

7. Önnur mál.

- a) Fræðslunefnd fer þess á leit við æskulýðs- og íþróttanefnd, að börn Kirkjubæjarskóla hafi ekki óheftan aðgang að sykurvörum innan Íþróttamiðstöðvar Skaftárhrepps, á skólatíma. Slíkt framboð samræmist ekki ráðleggingum embættis landlæknis um mataræði auk þess sem það samræmist ekki skólareglum.

- b) Gjöf til Kirkjubæjarskóla. Sólrún Ólafsdóttir á Kirkjubæjarklaustri kom færandi hendi í Kirkjubæjarskóla í dag og færði skólanum að gjöf fullkominn upptökubúnað. Fræðslunefnd færir Sólrúnu bestu þakkir fyrir gjöfina og þann hug sem henni fylgir.

Kl. 15:15 Fundur með skólastjóra.

Almennar umræður um málefni Kirkjubæjarskóla.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:55.

Fundargerð er tölvuskráð og er 2 blaðsíður (bls. 16 – 17).

Auðbjörg B. Bjarnadóttir (sign)

Þorsteinn M. Kristinsson (sign)

Arndís Jóhanna Harðardóttir (sign)

Ragnheiður Símonardóttir (sign)

Sverrir Gíslason (sign)